

Seltjarnarnesbær
Austurströnd 2
170 Seltjarnarnes

Reykjavík, 11. apríl 2024
UST202403-362/P.V.B.
09.00

Efni: Beiðni um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum Gróttu

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Seltjarnarnesbæjar, dagsett, 21. apríl 2023, um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum Gróttu.

Gróttu er friðlýst sem friðland sbr. auglýsingar nr. 13/1984. Mannvirkjagerð og jarðrask allt, annað en viðhald núverandi húsa og túna, er bönnuð. Umferð óviðkomandi fólks er bönnuð á tímabilinu 1. maí til 15. júlí. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, skaða varp og fara um friðlandið með skotvopn. Óheimilt er að fara með hunda um friðlandið og hvers konar vist hunda er þar bönnuð.

Samkvæmt 1. mgr. 41 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og og viðkomand náttúruverndarnefndar veitt undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar ef það stríðir ekki verulega gegn markmiði friðlýsingarinnar og hefur óveruleg áhrif á verndargildi þeirra náttúruminja sem friðlýsingin beinist að, eða ef öryggissjónarmið eða mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjast þess.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum árið 2024 til að slá skógarkerfil á hluta eyjarinnar til að hamla vexti hans til að bæta varpsvæði kríu. Sláttur færi fram áður en varp hæfist og aftur að hausti til. Jarðvegur/sandur verður svo borinn á ákveðin svæði til að auðvelda varp. Sandurinn yrði tekin úr fjöru í og við friðlandið, nánar tiltekið við friðlandsmörkin hjá Snoppu. Sandurinn yrði einnig notaður til að stækka sandfláka við bílastæði golfvallar á Suðurnesi í samræmi við tillögur fuglasérfræðings. Gætt væri að því að efnið sem sótt væri yrði tekið sem næst flæðarmáli svo að öll ummerki hyrfu við næsta flóð. Áætlað er að taka 8-10 m³ af sandi úr fjörunni. Efnistaka, dreifing á sandi og sláttur færi fram fyrir auglýstan varptíma 1. maí. Jafnframt er óskað eftir undanþágu til að fara í aðgerðir til að uppræta mink á svæðinu. Sett verða upp tvö til þrjú gerfi greni til að lokka minkinn í og meindýraeyðir færi um svæðið eftir þörfum með hund og skotvopn. Vegna vöktunar á fuglalífi svæðisins er einnig sótt um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum fyrir aðila sem sinnir vöktun fuglalífs á svæðinu og að hann geti farið um svæðið allt að tvisvar á meðan varptími er í gangi.

Umsagnir:

Í samræmi við við 1. mgr. 41. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 26. mars 2024 um beiðni um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum Gróttu. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst þann 3. apríl 2024. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd

við að undanþágan fyrir minkaveiði sé veitt, enda ljóst að minkur hefur valdið skaða á kríuvarpi og öðru fuglalífi í Gróttu og þörf á að grípa inn í. Mikilvægt er að notkun hunda og skotvopna sé beitt af varfærni svo ekki skapist viðbótarhætta fyrir varp fugla. Leitarhundar þurfa að vera vel þjálfaðir til leitar en helst ekki dráps þannig að tryggt sé að minkar séu aflífaðir á mannúðlegan hátt. Þá mega skotvopn ekki vera hávær. Ekki eru gerðar athugasemdir við að skógarkerfil sé haldið í skefjum og skynsamlegt að þær aðgerðir séu tímasettar utan varptíma eins og stendur til. Ekki eru heldur gerðar athugasemdir við sandtöku til að bæta búsvæði kríunnar svo lengi sem því fylgir ekki óafturkræft rask. Betra hefði verið að vita áætlað umfang sandtökunnar og hvort þessi aðgerð verði endurtekin síðar en árið 2023 var einnig sótt um undanþágu til að bæta búsvæða kríunnar. Þá er ekki gerð athugasemd við undanþágu um aðgengi fuglatalningaraðila á varptíma.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif náttúrufar og verndargildi svæðisins til lengri tíma litið. Um er að ræða aðgerðir til að bæta fuglalíf á svæðinu. Til skamms tíma getur verkefnið valdið tímabundum truflunum á dýralífi og utan lokunartíma getur framkvæmdin valdið öðrum gestum truflunum. Umhverfisstofnun metur að sé farið eftir skilyrðum undanþágunnar sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Seltjarnarnesbæ fyrir sitt leyti undanþágu frá friðlýsingarskilmálum Gróttu sbr. lýsingu hér að ofan og gildir hún í ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Þeir sem fara um svæðið skulu hafa þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir samstarfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Senda skal tengiliðaupplýsingar fyrir meindýraeyðinn og þess sem sinnir fuglavöktuninni til svæðissérfræðings Umhverfisstofnunar á suðvesturlandi áður en hann fer inn á svæðið og áætlun um hvenær þeir reikna með að vera á ferðinni.
- Reynt skal eftir fremsta megni að fara í eyðingu minks áður en lokunartími friðlandsins hefts þann 1. maí.
- Sé farið í friðlandið til eyðingar minks á lokunartíma þess skal þess gætt að fólk fylgi ekki í kjölfarið og fari út í eynna.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Forðast skal óþarfa rask.
- Sláttur og dreifing sands skal fara fram utan varptíma.

- Óheimilt er að hrófla við fuglavarpi eða raska hreiðrum.
- Skotvopn skulu vera eins lágvær og hægt er að koma við.
- Fjöldi heimsókna og dvalartími á lokunartíma skal takmarkaður eins og kostur er.
- Undanþága til að fara um svæðið á lokunartíma er bundin við þann sem sinnir fuglavöktun og meindýraeyði til að sinna minkaleit/veiðum og vitja um gildrurnar.
- Vanda skal frágang við sláttur og dreifingu sands.
- Meindýraeyðir og sá aðili sem sinnir fuglavöktuninni skulu klæðast merktum sýnileikafatnaði eða öðrum auðkenndum fatnaði til að það sjáist að þeir sé við vinnu innan svæðisins.
- Efnistaka í fjörunni er eingöngu vegna þess verkefnis sem sótt var um í umsókn.
- Vanda skal frágang að efnistöku lokinni. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna á því svæði sem sjávarföll ná ekki til.
- Efnistaka skal fara fram á tímum þegar sem fæstir gestir eru á svæðinu.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum fuglavöktunarinnar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Kristín Ósk Jónasdóttir
svæðissérfræðingur